

Mál nr. 103/2010

M

og

vátryggingafélagið V1 v/ A vátryggingafélagið V2 v/ B.

Áræktur á bílastæði við Hamraborg í Kópavogi 4. desember 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 7. apríl 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Tölvupóstur vátryggingafélags V1 til nefndarinnar, dags. 23. apríl 2010
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélags V2 til nefndarinnar, dags. 26. apríl 2010.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að áræktur varð með A sem M ók og B þar sem M ók aftur á bak úr stöðureit á bifreiðastæði þannig að hún lenti á vörulyftu vörubifreiðar sem var lagt á bifreiðastæðinu í þeim tilgangi að fara með vörur úr bifreiðinni inn í verslun stutt frá. Vörulyftuna hafði ökumaður B skilið eftir í nokkurri hæð á meðan hann fór inn með vörurnar.

M telur ökumann B bera alla sök á árækstrinum fyrir að hafa skilið vörulyftu á bifreið sinni eftir á hættulegum stað þannig að það var ekki möguleiki að sjá hana. V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ökumaður B hafi brotið gegn 5.mgr. 27.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem hann hafi skilið vörulyftu eftir illsjáanlega án veifu eða glitauga og þannig skapað hættu fyrir nærliggjandi umferð. V2 telur að fordæmi séu fyrir því að skipa sök til helminga í viðlíka málum og vísar til þess.

Álit.

Atvik málsins eru nokkuð skýr með vísan til ofangreindra málsatvika. M ók aftur á bak úr stöðureit og bar við það að gæta sérstakrar varkárni, sbr. 2.mgr. 17.gr. umferðarlaga. Ökumaður vörubifreiðarinnar B bar að ganga frá vörulyftu á bifreiðinni vegna affermingar þannig að hann skapaði ekki hættu fyrir vegfarendur, sbr. 5.mgr. 27.gr. umferðarlaga. Hvorugur ökumanna gætti nægilega að umræddum ákvæðum áður en áræktur varð. Af framburðum þeirra í málinu þykja ekki efni til að setja meiri sök á annan en hinn og skiptist hún því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 11. maí 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.